

Borgarstjórn Reykjavíkur
27. febrúar 2024

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að tryggja starfsemi Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar

Lagt er til að borgarstjórn samþykki nægjanlegt fjármagn til að tryggja starfsemi Hinsegin félagsmiðstöðvar þannig að hún verði föst félagsmiðstöð í stað þess að vera sértækt verkefni sem fær styrki til að starfa.

Greinargerð

Starf Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar er mikilvægt vegna þess að hún er staður þar sem ungmenni fá að kynnst öðrum eins og þeim og tengjast. Það er mikilvægt að þekkja einhvern eins og mann sjálfan til að finna ekki fyrir einmanaleika eins og mörg upplifa og þangað koma margir krakkar í hverri viku. Það þarf þess vegna að gera Hinsegin félagsmiðstöðina að fastri félagsmiðstöð en hafa hana ekki sem sértækt verkefni sem fær styrki til að starfa.